

Samningur
Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar
og
Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
um
aðstoð vegna mengunaróhappa

Maí 2021

1.0. Almennt

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (hér eftir nefnt SHS) og Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar (hér eftir nefnt SAH) gera með sér svohljóðandi samning um aðstoð SHS við SAH vegna mengunaróhappa á starfssvæði SAH. Samningurinn er byggður á 3. mgr. 20. gr laga númer 75/2000 en þar segir að slökkviliði, hér SHS, sé heimilt að veita aðstoð við slökkvistarf eða viðbrögð við mengunaróhappi utan eigin umdæmis.

Slökkviliðsstjóri SHS ákveður hverju sinni hvernig aðstoð er veitt án þess að brunavörnum í umdæmi SHS sé stofnað í hættu að hans mati.

2.0. Ábyrgð og stjórnun

SAH fer með stjórnun aðgerða á vettvangi mengunaróhapps á þjónustusvæði SAH samkvæmt 16. gr. laga númer 75/2000. Útkallseiningar SHS eru SAH til aðstoðar og starfa undir þeirra stjórn. Öll samskipti við utanaðkomandi aðila, s.s. löggæslulið, opinbera eftirlitsaðila og fjölmiðla, vegna aðgerða á vettvangi eru á ábyrgð slökkviliðsstjóra SAH. Slökkviliðsstjóri SAH ber ábyrgð á að tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um atburðinn.

Komi til aðgerða sem fela í sér kostnað vegna þeirra fer SAH með ákvörðunarvald og ber eitt ábyrgð á greiðslu alls þess kostnaðar sem af útkalli kann að verða. SAH ber einnig ábyrgð á innheimtu á kostnaði gagnvart tjónvaldi ef það á við.

3.0. Kostnaður vegna aðstoðar

SAH ber ábyrgð á öllum kostnaði sem kann að falla til vegna aðstoðar SHS samkvæmt samningi þessum í samræmi við 20. gr. laga nr. 75/2000 en þar segir að það sveitarfélag sem aðstoðar nýtur greiðir kostnað við hana. Verði ágreiningur um kostnað skal hann ákveðinn af dómkvöddum matsmönnum.

4.0. Aðbúnaður vettvangseiningar SHS

SAH tryggir fæði og hvíldaraðstöðu (gistingu) fyrir starfsmenn SHS þegar vinna vegna mengunaróhapps dregst á langinn. Þá skal starfsmönnum SHS tryggð aðstaða til baða, t.d. með aðgangi að sundlaug.

Samningur þessi er gerður í samræmi við og með heimild í 14. gr. laga nr. 75/2000

5.0. Samningstími

Samningur þessi tekur gildi 1. maí 2021 og er ótímabundinn. Samningsaðilar geta sagt samningnum upp með 12 mánaða fyrirvara, en uppsögn skal miða við mánaðamót. Uppsögn skal vera skrifleg, uppsögn send í tölvupósti telst fullnægjandi.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila. Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samning þennan skal tilkynna til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar samkvæmt 14. gr. laga nr. 75/2000

1. maí 2021.

F.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins
Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri.

F.h. Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar,
Jens Heiðar Ragnarsson, slökkviliðsstjóri.

Rafræn undirskrift á næstu síðu.